

## ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2008/EES/73/22

frá 25. maí 2005

um flokkun þaka og þakklæðninga eftir nothæfi með tilliti til bruna af völdum utanaðkomandi elds að því er varðar tiltekna byggingarvörur eins og kveðið er á um í tilskipun ráðsins 89/106/EBE (\*)

(tilkynnt með númeri C(2005) 1501)

(2005/403/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR

því er varðar flokkun þaka og þakklæðninga eftir nothæfi með tilliti til bruna af völdum utanaðkomandi elds<sup>(3)</sup>.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 89/106/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um byggingarvörur<sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. 20. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 89/106/EBE er gert ráð fyrir því að nauðsynlegt kunni að vera að setja fram flokka í grunnskjöllum sem samsvara nothæfi vara með hliðsjón af einstökum grunnkröfum svo unnt sé að taka mið af mismunandi verndarstigi mannvirkja á lands-, svæðis- eða staðarvísu. Skjöl þessi hafa verið gefin út í „Orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar varðandi grunnskjöl með tilskipun ráðsins 89/106/EBE<sup>(2)</sup>“.
- 2) Að því er varðar grunnkröfur um varnir gegn eldsvoða eru taldar upp ýmsar innbyrðis tengdar ráðstafanir í grunnskjali nr. 2 sem saman leggja grunn að mótun stefnu á sviði brunavarna sem má útfæra á mismunandi vegu í aðildarríkjunum.
- 3) Í grunnskjali nr. 2 er gerð grein fyrir kröfum varðandi byggingavörur sem notaðar eru í þök sem verða fyrir brunaáraun af völdum utanaðkomandi elds.
- 4) Í samhæfðri lausn var kerfi flokka samþykkt í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/671/EB frá 21. ágúst 2001 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að

- 5) Þegar um er að ræða tiltekna þakplötur úr plastisólhúðuðu stáli er nauðsynlegt að nota flokkunina sem sett var fram í ákvörðun 2001/671/EB.
- 6) Nothæfi með tilliti til bruna af völdum utanaðkomandi elds að því er varðar margar byggingarvörur og/eða efni, sem falla undir flokkunina sem kveðið er á um í ákvörðun 2001/671/EB, hefur verið rækilega staðfest og er vel þekkt meðal brunaeftirlitsaðila í aðildarríkjunum og því er ekki þörf á að prófa vörurnar eða efnin með tilliti til þessara eiginleika.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um byggingarmál.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Byggingarvörurnar og/eða efnin, sem uppfylla allar kröfur um „nothæfi með tilliti til bruna af völdum utanaðkomandi elds“ án þess að þörf sé á frekari prófunum, eru settar fram í viðaukanum.

2. gr.

Sérstakir flokkar, sem gilda um mismunandi byggingavörur og/eða efni, innan flokkunar eftir nothæfi með tilliti til bruna af völdum utanaðkomandi elds sem samþykkt var í ákvörðun 2001/671/EB, eru settir fram í viðaukanum við þessa ákvörðun.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 135, 28.5.2005, bls. 37. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 84/2006 frá 7. júlí 2006 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 52, 19.10.2006, bls. 14.

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB L 40, 11.2.1989, bls. 12. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtið. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

(<sup>2</sup>) Stjtið. EB C 62, 28.2.1994, bls. 1.

(<sup>3</sup>) Stjtið. EB L 235, 4.9.2001, bls. 20.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 25. maí 2005.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Günter VERHEUGEN

*varaforseti.*

---

## VIÐAUKI

Í töflunni, sem sett er fram í þessum viðauka, eru taldar upp þær byggingarvörur og/eða efni sem uppfylla allar kröfur um „nothæfi með tilliti til bruna af völdum utanaðkomandi elds“ án þess að þörf sé á prófunum.

## Tafla

## Flokkun nothæfis þakplatna úr plastisólhúðuðu stáli með tilliti til bruna af völdum utanaðkomandi elds

Vara	Flokkur <sup>(1)</sup>
<i>Þakplötur úr plastisólhúðuðu stáli</i>	B <sub>ROOF</sub> <sup>(1)</sup>
eins og þær eru tilgreindar hér á eftir og þegar þær eru felldar saman í eins lags eða uppbyggt þakkerfi eins og lýst er hér á eftir	B <sub>ROOF</sub> <sup>(2)</sup> B <sub>ROOF</sub> <sup>(3)</sup>

Þakplötur

í samræmi við EN 14782 og EN 14783, þ.m.t. bylgjulaga stálplötur, flatar stálplötur eða stálplötur, rúlluhúðaðar, galvanhúðaðar eða húðaðar með álblöndu og sinki, með  $\geq 0,40$  mm þykkum málmni með lífrænni ytri (veðurmegin) húð og valfrjálst, lífrænni húð á bakhlið (innri hlið). Ytri húðin er úr fljótandi plastisólmálningu með að hámarki 0,200 mm tilgreinda þykkt á þurru lagi, með mest 8,0 MJ/m<sup>2</sup> heildarvarmaleiðni (PCS) og 330 g/m<sup>2</sup> hámarksþurrmassa. Heildarvarmaleiðni (PCS) lífrænnar húðar á bakhlið (ef einhver er) er mest 4,0 MJ/m<sup>2</sup> og hámarksþurrmassi 200 g/m<sup>2</sup>.

Eins lags þakkerfi sem samanstendur af einfaldri, óeinangraðri þakklæðningu á burðarvirki (samfelldum eða aðskildum burðarbitum) sem heyra undir flokkun A2-s1, d0 eða betri með tilliti til viðbragða við bruna.

Uppbyggt þakkerfi þar sem þakplötur úr plastisólhúðuðu stáli mynda ytra lagið í uppbyggðri samsetningu, þar sem burðarvirkið heyrir undir flokkun A2-s1, d0 eða betri með tilliti til viðbragða við bruna og þar sem beint undir plastisólhúðuðu stálplötunum er einangrunarlag sem heyrir undir flokkun A2-s1, d0 eða betri með tilliti til viðbragða við bruna. Þessi einangrun skal vera ófullfrágengin steinull sem uppfyllir EN 13162 og skal vera glertrefjateppi með lágmarksþéttleika 10 kg/m<sup>3</sup> (hámarksnafninnihald resíns 5% af þyngd) og þykkt  $\geq 80$  mm eða steinull með lágmarksþéttleika 25 kg/m<sup>3</sup> (hámarksnafninnihald resíns 3,5% af þyngd) og þykkt  $\geq 80$  mm.

Samskeyti þar sem samskeyti eru á efsta lagi skulu þau vera sem hér segir:

- trapisulagaðar plötur
- hliðarskörung minnst eitt rif og endaskörung að lágmarki 100 mm,
- sínusulagaðar, báraðar plötur
- hliðarskörung minnst 1,5 bára og endaskörung að lágmarki 100 mm,
- flatar plötur/klæðningar
- hliðarskörung og endaskörung skal vera að lágmarki 100 mm,
- kerfi standandi samskeyta
- hliðarsamskeyti skulu fela í sér lóðrétt, standandi, sköruð eða læst samskeyti sem duga til að tryggja samfellda nána snertingu á milli platnanna og mynda vatnsheld samskeyti og skulu endar skarast, þar sem við á, um a.m.k. 100 mm.

Þéttiefni skulu gerð úr bútýl-þéttiefnum eða samsvarandi með nafnþéttleika á bilinu 1 500 til 1 700 kg/m<sup>3</sup>, borin á í samfelldri línu á samskeytin þar sem þau skarast í magninu 45 gr á lengdarmetra.

Festingar þar sem þakplöturnar eru festar við burðarvirkið með málmfestingum sem nægja til að veita þakbyggingunni berandi stöðugleika með viðbótarmálmfestingum sem notaðar eru til að tryggja samfellda nána snertingu milli platnanna og gera samskeytin vatnsheld.

<sup>(1)</sup> Nothæfisflokkur með tilliti til bruna af völdum utanaðkomandi elds eins og kveðið er á um í töflunni í viðaukanum við ákvörðun 2001/671/EB.